

Fundur 8

Skólaráð Þjósárskóla

Fundur haldinn Fimmtudaginn 3.nóv 2011 í Þjósárskóla kl. 16:30.

Mættir eru: Bolette Höeg Koch skólastjóri, Árdís Jónsdóttir og Emilía Jónsdóttir fulltrúar kennara, Bryndís Baldursdóttir fulltrúi starfsmanna, Jóna Sif Leifsdóttir og Ann Winter fulltrúar foreldra.

Þetta var gert:

1. Starfsáætlun skólans 2011-2012

Lögð fram starfsáætlun skólans. Bolette fór yfir áætlunina, einkum það sem breyst hefur. Smávegis vangaveltur komu upp, t.d. var spurt um hjóladaginn, hvort ekki væri betra að hafa hann að vori. Bolette útskýrði hvers vegna haustið var tekið fram yfir. Síðan var starfsáætlunin samþykkt.

2. Almenni hluti skólanámskrár 2011-2012.

Almenni hluti skólanámskrár lagður fram og farið yfir hana. Sérstaklega var fjallað um sund, bókasafn, listgreinar, stærðfræði og dönsku. Síðan var skólanámskráin samþykkt samhljóða.

3. Markmiðsetning fyrir heilsueflandi skóla.

Emilía fór í stuttu máli yfir það helsta varðandi þetta verkefni, minntist á geðrækt og sagði frá fyrirhuguðum eineltisdegi næsta þriðjudag. Í framhaldi af honum verður unnið áfram með þessi mál, t.d. er ætlunin að hafa svokallaða vinaviku. Tillaga kom fram um að stefna að því að koma í veg fyrir rafrænt einelti. Áætlunin samþykkt.

: Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:36

Emilía Jónsdóttir

Jóna Sif Leifsdóttir

Ann Winter

Árdís Jónsdóttir

Bolette Höeg Koch

Bryndís Baldursdóttir

